

Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um drög að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna tillögu að legu Borgarlínunnar og tillagna að staðsetningu kjarnastöðva.

Þar sem ekki er fyrirhugað að Borgarlína liggi um Grafarholt eða Úlfarsárdal leggur íbúaráðið áherslu á greiðar og örur tengingar gangandi, hjólandi og Strætó við fyrirhugaðar biðstöðvar Borgarlínu í Keldnaholti og á Ártúnshöfða. Þá þarf að tryggja góðar almenningsamgöngur á milli hverfisins og bæði heilsugæslu og þjónustumiðstöðvar hverfisins sem staðsett eru við Hraunbæ. Þá er nausynlegt að tryggðar séu góðar og öryggar almenningsamgöngur að Egilshöll en mikill fjöldi barna og ungmenna í Grafarholti og Úlfarsárdal stundar þar íþróttastarf.

Á sama tíma og áhersla hefur verið lögð á aukna tíðna helstu leiða Strætó, og í framtíðinni Borgarlínu, á milli borgarhluta skýtur skökku við að dregið hefur verið úr tíðna ferða á leið 18, sem er eina leiðin sem þjónustar Grafarholt og Úlfarsárdal, með sérstakri sumaráætlun sem felur í sér verulega skerta tíðni á annatímum stóran hluta ársins og er því fyrirkomulagi mótmælt.